

REGLUR**um slit á skemmtunum og öðrum samkomum.****1. gr.**

Skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagsheimilum eða veitingahúsum, skal slíta í síðast lagi klukkan eitt eftir miðnætti, á laugardögum þó í síðasta lagi klukkan tvö eftir miðnætti.

Leyfi lögreglustjóra (hreppstjóra) þarf þó til þess að skemmtun standi lengur en til kl. 11.30.

2. gr.

Ef um er að ræða árshátíðir, afmælisfagnaði eða aðrar þess háttar samkomur, sem fyrst og fremst eru ætlaðar félagsmönnum og gestum þeirra, en skemmtun er eigi ætluð almenningi, er lögreglustjóra heimilt að leyfa, að skemmtun standi einni klukku-stund lengur en greinir í 1. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að leyfa að áramótafagnaðir standi til klukkan 4 að morgni nýársdags.

3. gr.

Ef sérstaklega stendur á getur dómsmálaráðuneytið heimilað lögreglustjóra að leyfa að skemmtun standi lengur en greinir í 1. og 2. gr.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 120 22. desember 1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felldar auglýsingar nr. 11 15. janúar 1948 og 17 29. janúar 1948 um slit á skemmtunum og öðrum samkomum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. mars 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

GJALDSKRÁ**um holræsi í Hofsóshreppi.****Tengigjöld.****1. gr.**

Fyrir hvert íbúðarhús kr. 10 000.00, en séu fleiri en ein íbúð í húsi, þá skal greiða kr. 7 500.00, fyrir hverja viðbótaríbúð. Af öðru húsnæði skal tengigjald vera kr. 20.00 pr. m².

Árlegt holræsagjald.**2. gr.**

Árlegt holræsagjald skal vera 0,22% af fasteignamatsverði húsa eða einstakra íbúða, hámark kr. 10.00 pr. m² íbúðar, lágmark íbúðarhús kr. 8.00, lágmark önnur hús kr. 5.50. Holræsagjald skal aldrei vera lægra en kr. 1 500.00. Gjaldskrá þessa má hækka (eða lækka) um allt að 50%.